



Reykjavík, 5. desember 2014

Skipulagsstofnun
Laugarvegi 166
150 Reykjavík

Varðar: Frummatsskýrslu kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík

Það vakti furðu Olíudreifingar, rekstraraðila olíubirgðastöðvarinnar í Helguvík, einu innflutningshöfn flugsteinolíu á landinu, að ekki var óskað eftir umsögn félagsins um frummatsskýrslu vegna framkvæmda í nágrenni stöðvarinnar, nánar tiltekið kísilmálmverksmiðju Thorsil í Helguvík.

Félagið fékk ábendingu um að frummatið væri í kynningu í síðustu viku og eftir lestur frummatsskýrslunnar er ljóst að fjölmög atriði þarf að skoða betur áður en hægt er að samþykkja umrædda framkvæmd, svo öryggi og umhverfi olíubirgðastöðvarinnar verði ekki stefnt í hættu við byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðjunnar. Verður hér lýst þeim helstu, en þar sem ekki hefur gefist tími til að skoða frummatsskýrsluna eins ítarlega og þyrfti, gætu fleiri atriði komið upp síðar.

EKKI er fjallað um þá áhættu sem olíubirgðastöðinni stafar af ryki frá starfseminni Einungis er litið til íbúa í nágrenninu og áhrifa á manninn, en þotuflugmótorar eru afar viðkvæmir fyrir óhreinindum, eins og ryki, sem getur borist inn í geyma stöðvarinnar, verði óhapp í hreinsibúnaði verksmiðjunnar eða hugsanlega í daglegum rekstri. Einnig þarf að kanna hvort flugvélum stafi hætta af mengunarskýi frá biluðum hreinsibúnaði, sbr hættu sem stafar frá eldgosaösku.

Í frummatsskýrslunni er lýst einhverskonar færibandí sem á að ná frá bryggju inn á athafnasvæði verksmiðjunnar. Eins og færibandí er teiknað, virðist það liggja ofan á löndunarlögnum olíubirgðastöðvarinnar, sem liggja frá olíubryggjunni upp í olíubirgðastöð. Færa verður færibandí, svo hægt verði að komast að eldsneytislögnunum til viðhalds og viðgerða og eins til að koma í veg fyrir skemmdir á lögnunum.

Í frummatsskýrslunni er í engu fjallað um hugsanlega árekstra við umferð olíuflutningaskipa, en í 20 m fjarlægð frá olíuflutningaskipum er skilgreint sprengihættusvæði, sem önnur skip eiga að halda sig utan og má ekki nein neistamyndandi starfsemi fara fram innan þess svæðis og annarra sprengihættusvæða. EKKI er gerð grein fyrir því í frummatsskýrslunni hvort skip sem munu þjónusta verksmiðjuna þurfi inn í sprengihættusvæðið við innsigliingu, losun, lestun eða brottför.

Eins eru mannvirki á olíubryggjunni sem eru skilgreind sprengihættusvæði. Hefur félagið sérstakar áhyggjur af meðhöndlun ryks, sem hefur neistahættu í för með sér, í nágrenni slíkra mannvirkja. Ekkert er fjallað um slikt í frummatsskýrslunni.

Telur Olíudreifing því ómögulegt fyrir Skipulagsstofnun að samþykkja framlagða frummatsskýrslu fyrr en búið er að skýra þessi atriði og eftir atvikum að aðlaga kísilmálmverksmiðjuna að því umhverfi sem henni er ætlað að vera í.

Virðingarfullst,
f.h. Olíudreifingar ehf.

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi
Olíudreifing ehf.